

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi fyrrum Stykkishólmsbæjar vegna Agustsonreits, Sveitarféluginu Stykkishólmi.

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun staðfesti 20. mars 2026 breytingu á aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 sem samþykkt var í bæjarstjórn 11. desember 2025.

Í breytingunni felst að mörkuð er stefna um nýtt verslunar- og þjónustusvæði með heimild fyrir íbúðum á efri hæðum á Agustsonreit. Breytingin tekur til um 0,56 ha svæðis og minnkar núverandi athafnasvæði sem því nemur. Innan nýs svæðis er gert ráð fyrir uppbyggingu á þremur lóðum, samtals allt að 11.000 m<sup>2</sup>.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun, 20. mars 2026.*

**Ólafur Árnason.**

---

B deild - Útgáfudagur: 8. apríl 2026